


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	ÖRSK1AÖ01	Námsáætlun haustönn 2019

Kennari	Íris Ragnarsdóttir ira@vma.is	Sk.st.	IRA
----------------	-------------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áfanginn fjallar um öryggismál og aðbúnað á vinnustöðum, réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Í áfanganum er m.a. farið er yfir skipulag öryggismála og brunavarna, lög og reglur um aðbúnað og hollustuhætti ásamt helstu orsökum vinnuslysa. Farið er yfir meðferð hættulegra efna, viðbrögð við slysum á vinnustað og öryggiskröfum sem gilda um vélar og búnað sem notaður er til rekstrar. Lögð er áhersla á að nemandinn sé virkur þátttakandi í náminu og hafi sjálfstraust til að takast á við fjölbreytt verkefni.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lögum og reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
- Skipulagi öryggismála og brunavarna á vinnustöðum
- Helstu orsökum vinnuslysa og hvernig þau eru tilkynnt
- Meðferð hættulegra efna
- Atvinnusjúkdómum og líkamsbeitingu
- Mismunandi gerðum slökkvitækja
- Öryggiskröfum á vélum og tækjum sem og öðrum búnaði sem notaður er til daglegs rekstrar ásamt eftirlitsskyldu með þeim
- Þeim kjarasamningum sem gilda
- Réttindum sínum og skyldum varðandi kjaramál

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Bregðast við slysum á vinnustað
- Umgangast öryggisbúnað og tæki og nota eftir aðstæðum
- Umgangast hættuleg efni
- Umgangast vélar og tæki af öryggi
- Fletta upp í lögum og reglum um öryggi, aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað
- Lesa kjarasamninga
- Kunna á slökkvitæki og beita þeim


Hæfniviðmið

Nemandinn skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Bregðast rétt við hverskyns utanaðkomandi hættum
- Átta sig á réttindum og skyldum starfsmanna á vinnustöðum
- Fyrirbyggja óhöpp og slys á vinnustað

Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók í áfanganum. Ýmis verkefni og gögn frá kennara á Moodle.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Sampykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	ÖRSK1AÖ01	
	Námsáætlun haustönn 2019	

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Könnun	könnun úr öryggisfræði	35%	
Verkefni	Vr skólinn. Netnám þar sem tekin eru 13 einstaklingsverkefni og eitt hópaverkefni.	35%	
Ástundun og virkni	Metin er frammistaða í vinnubrögðum, sjálfstæði, kemur sér að verki, iðni	30%	
	Samtals:	100%	
Annað: Námsáætlun þessi er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.			

Dagsetning:

Hris Ragnarsdóttir
Undirritun kennara

Eir Hultónimsson
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils